

Reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um starfs- og stýrihópa í stjórnslu Reykjavíkurborgar sem skipaðir eru til að vinna verkefni sem eru skilgreind skv. erindisbréfi og starfa í afmarkaðan tíma. Reglurnar gilda um hópa sem eru skipaðir kjörnum fulltrúum og um hópa skipuðum starfsmönnum.

2. gr.

Hlutverk

Almennt gildir að kjörnir fulltrúar bera ábyrgð á stefnumótun og starfsmenn bera ábyrgð á framkvæmd viðfangsefna Reykjavíkurborgar. Hópar sem gegna því hlutverki að vinna að stefnumótun eða hafa það hlutverk að samræma og/eða bera heildarábyrgð á störfum eins eða fleiri starfshópa sem undir þá heyrja kallast stýrihópar. Starfshópur getur verið undirhópur stýrihóps eða sinnt skilgreindum verkefnum sem honum eru falin af til þess bærum aðila.

Stýrihópar sem sinna stefnumótun eru eingöngu skipaðir kjörnum fulltrúum. Starfsmenn geta verið stýrihópum sem vinna að stefnumótun til ráðgjafar og verið starfsmenn þeirra. Heimilt er að skipa starfsmenn í stýrihópa í flóknum verkefnum er varða starfsemi borgarinnar sem krefjast aðkomu margra. Slíkir stýrihópar gegna samræmingarhlutverki, taka allar meiriháttar ákvarðanir varðandi verkefnið og eru bakland verkefnastjóra og starfshópa sem undir þeim starfa.

Starfshópar eru almennt eingöngu skipaðir starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Auk þess er heimilt í sérstökum tilvikum að skipa fulltrúa utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar og kjörna fulltrúa í starfshópa.

3. gr.

Ábyrgð

Borgarstjóri getur í umboði borgarráðs stofnað stýrihópa sem kjörnir fulltrúar sitja í. Borgarstjóri, borgaritari, sviðsstjórar, skrifstofustjórar og aðrir stjórnendur með mannaforráð geta stofnað starfshópa.

Borgarstjórn og borgarráð geta falið borgarstjóra að skipa starfs- og stýrihópa og fagrað geta falið sviðsstjóra að stofna starfs- og stýrihópa. Fagrað getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs eða viðkomandi fagraðs.

Ábyrgðarmenn bera ábyrgð á starfsemi þeirra hópa sem þeir stofna, skilum þeirra og á því að kynna þeim þessar reglur. Ábyrgðarmenn bera ábyrgð á að mál sé stofnað í skjalakerfi Reykjavíkurborgar um störf hópsins og á því að kynna niðurstöður hans fyrir viðkomandi fagraði, borgarráði og öðrum eftir því sem við á.

4. gr.

Útgáfa erindisbréfa

Gera skal erindisbréf fyrir alla stýri- og starfshópa. Erindisbréf stýrihópa skulu samþykkt í borgarráði eða í viðkomandi fagráði. Erindisbréf starfshópa borgarstjóra skulu kynnt í borgarráði. Erindisbréf starfshópa sviðsstjóra skulu kynnt í viðkomandi fagráði.

Erindisbréf skulu innihalda eftirfarandi:

- Heiti hóps.
- Ábyrgðarmann.
- Starfsmann eða verkefnisstjóra.
- Hlutverk hóps.
- Helstu verkefni hóps.
- Skipan.
- Upplýsingar um ráðgjöf og samstarf.
- Starfstímabil og skil.
- Undirritun ábyrgðarmanns og dagsetning.

5. gr.

Tilnefningar

Borgarráð eða fagráð tilnefna í stýrihópa.

Ábyrgðarmaður óskar eftir tilnefningum í starfshóp. Þegar starfshópur er myndaður þvert á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar skal ábyrgðarmaður ákveða hvaðan úr stjórnkerfinu formaður og starfsmaður/verkefnisstjóri koma áður en óskað er eftir tilnefningum. Í slíkum hópum skal leitast við að starfsmaður komi frá sama fagsviði eða skrifstofu og formaður. Þegar við á er heimilt að sleppa því að starfshópar hafi sérstakan starfsmann.

Við skipun stýri- eða starfshópa skal þess gætt að hlutfall kynja sé sem jafnast, sbr. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008. Þegar óskað er eftir tilnefningum í stýri- eða starfshópa skal beðið um að bæði karl og kona skulu tilnefnd. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæðar leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

6. gr.

Greiðslur

Starfsmönnum og kjörnum fulltrúum Reykjavíkurborgar eru ekki greiddar sérstakar greiðslur fyrir setu í starfs- og stýrihópum. Heimilt er að greiða fulltrúum utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar fyrir setu í starfs- eða stýrihópi þegar þeir eru skipaðir vegna þekkingar sinnar en ekki sem fulltrúar stofnunar, hagsmunaaðila eða félagasamtaka. Greiðslur skulu vera í samræmi við ákvæði um þóknun fyrir setu í öðrum nefndum í samþykkt forsætisnefndar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Að öllu jöfnu skal ákvörðun um hvort greitt skuli fyrir fundarsetu liggja fyrir áður en erindisbréf er útgefið.

7. gr.

Vinna og verkaskipting í hópastarfi

Formaður boðar til funda í stýri- og starfshópum ásamt því að stýra bæði starfi og fundum. Formaður ber ábyrgð á skilum starfshóps gagnvart ábyrgðarmanni og óskar eftir breytingum á erindisbréfi starfshóps s.s. vegna verkefnis, ráðgjafar, tilnefningum eða skilafresti ef þess gerist þörf.

Starfsmaður hóps ritar fundargerðir í umboði formanns hópsins og annast varðveislu þeirra og frágang í samræmi við almennar reglur Reykjavíkurborgar um meðferð skjala. Starfsmaður hópsins annast undirbúning og frágang funda auk annarra verka sem formaður felur honum.

Starfs- og stýrihópar skulu vinna skv. aðferðum verkefnastjórnunar eftir því sem við á. Í því felst m.a. að gera verkefnisáætlun, fjárhagsáætlun, hagsmunaaðilagreiningu, samskiptaáætlun og áhættugreiningu.

Starfs- og stýrihópar skulu skilgreina hagsmunaaðila innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar og eftir atvikum hafa samráð við þá áður en tillögum er skilað til ábyrgðarmanns og þar sem við á afla formlegra umsagna.

8. gr.

Skil til ábyrgðarmanns

Tillögur starfs- og stýrihópa skulu vera kostnaðarmetnar og þeim ber að skila til ábyrgðarmanns ásamt skilgreiningu á ábyrgð á framkvæmd tillagna. Auk þess skulu starfs- og stýrihópar skilgreina eftirfylgni og árangursmælikvarða eftir því sem hægt er. Bréf til ábyrgðarmanns skal fylgja lokaskýrslu starfs- og stýrihópa þar sem tilgreint er hverjar eru helstu tillögur, kostnaðarmat og skilgreining á ábyrgð á framkvæmd tillagna.

9. gr.

Birting og eftirfylgni

Skýrslur starfs- og stýrihópa skulu birtar á reykjavik.is eftir að þær hafa verið lagðar fram í borgarráði eða fagráði. Starfseining sem fær samþykktar tillögur til meðferðar frá borgarráði eða fagráði skal skila skýrslu um framfylgd eða innleiðingu tillagna að innleiðingarferli loknu en eigi síðar en 6 mánuðum eftir að hún fékk þær til meðferðar ef ferlið krefst meiri tíma.

10. gr.

Skrá yfir hópa

Halda skal skrá yfir starfshópa á hverju fagsviði og skrifstofu í miðlægri stjórnsýslu.

Samþykkt á fundi forsætisnefndar 2. febrúar 2018